

Fimmtudaginn 3. nóvember 1994.

Nr. 293/1994.

Ákærvaldið

(Egill Stephensen saksóknari)
gegn

Unnari Sigurði Hansen

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Þjófnaður. Tilraun. Reynslulausn. Vanaafbrotamaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Markús Sigurbjörnsson og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Ákærði áfrýjaði málinu í heild sinni, og hefur því af hálfu ákærvalds verið skotið til Hæstaréttar með stefnu 20. júní 1994. Ákærvaldið krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms, þó þannig, að refsing ákærða verði þyngd.

Fallist er á sakarmat og refsingu ákærða í hinum áfrýjaða dómi með skírskotun til forsendna hans. Er refsing hans ákveðin með vísan til 60. gr., 71. gr., 72. gr., 77. gr. og 255. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þá ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdómara um skaðabætur og sakarkostnað, að því er varðar ákærða, Unnar Sigurð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Unnar Sigurður Hansen, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmans, 25.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 17. maí 1994.

Ár 1994, þriðjudaginn 17. maí, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Sverri Einarssyni héraðsdóm-

ara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 287/1994: Ákærvaldið gegn X, Y og Unnari Sigurði Hansen, sem tekið var til dóms 13. þ. m.

Málið er höfðað fyrir dóminum með tveimur ákæruskjölum ríkissaksóknara á hendur ákærðu, X [...], Y [...] og Unnari Sigurði Hansen, Fögrukinn 21 í Hafnarfirði, fæddum 17. september 1966, fæðingarnúmer 465.

Með ákæruskjali, dagsettu 26. apríl sl., er höfðað mál á hendur öllum ákærðu „fyrir tilraun til þjófnaðar með því að hafa í félagi aðfaranótt fimmtudags 10. mars 1994 brotist í þjófnaðarskyni inn í húsnæði Ístex hf. að Álafossvegi 40 A í Mosfellsbæ.

Telst þetta varða við 244. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar.

Í málinu krefst Vátryggingafélag Íslands hf., kt. 690689-2009, Ármúla 3, Reykjavík, skaðabóta, 85.572 kr.“.

Þá er höfðað mál á hendur ákærða Unnari Sigurði með ákæruskjali, dagsettu 10. maí sl., „fyrir þjófnað með því að hafa um miðnætti aðfaranótt mánudagsins 7. febrúar 1994 brotist inn í heildverslunina Extra, Reykjavíkurvegi 68, Hafnarfirði, og stolið þaðan 10.000 krónum.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar“.

Ákæran frá 10. maí sl. er færð í skrár dómsins sem sakamál nr. 314/1994, en ákærurnar verða báðar dæmdar sem sakamál nr. 287/1994.

Niðurstöður.

Með skýlausri játningu ákærðu X og Y er sannað, að þeir hafa framið brot það, sem þeim er gefið að sök í fyrri ákæru. Þá er sannað þrátt fyrir neitun ákærða Unnars Sigurðar við meðferð málsins með játningu hans hjá lögreglu og framburði ákærðu X og Y, sem studdur er framburði vitnisins Þórarins, sem sá þrjá innbrotsmenn á vettvangi, að ákærði Unnar Sigurður hefur verið við innbrotið með þeim hinum tveimur, en skýringar ákærða Unnars Sigurðar á breyttum framburði eru afar ótrúverðugar og ekki marktækar. Brot ákærðu eru rétt færð til refsíákvæðis fyrri ákæru.

Þrátt fyrir staðfasta neitun ákærða Unnars Sigurðar bæði hjá lögreglu og fyrir dómi er sannað með veru hans á innbrotsstaðnum að Reykjavíkurvegi 68, handhöfn hans á skrúfjárnri og vasaljósi og vörslum hans á nákvæmlega sömu seðlategundum og hurfu úr peningakassa að Reykjavíkurvegi 68, að ákærði hefur framið innbrotið og stolið peningunum. Varðar þetta brot ákærða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði Unnar Sigurður hlaut á árinu 1984 skilorðsbundna ákærufrestun í tvö ár fyrir brot á 244. gr. almennra hegningarlaga. Þá hlaut hann 30 daga fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár, 31. janúar 1985 fyrir brot á 254. gr. almennra hegningarlaga. Frá 5. júní 1985 og fram til 28. júní sl., þegar ákærði hlaut 30 daga fangelsisdóm, hegningarauka, fyrir brot á 244. gr. almennra hegningarlaga, hefur ákærði verið dæmdur til fangelsisvistar 14 sinnum og sam-
anlögð refsing numið 62 mánaða og 10 daga fangelsi. Oftast hefur ákærði hlotið dóma fyrir þjófnað og þjófnaðartilraunir, en einnig fyrir skjalafals, húsbrot, gripdeild, fjársvik, spellvirki og nytjastuldi. Þá hefur ákærði tvíveg-
is verið dæmdur til sektargreiðslu fyrir umferðarlagabrot og einu sinni fyrir tékkalagabrot. Enn fremur hefur ákærði einu sinni gengist undir sektar-
greiðslu með dómsátt fyrir umferðarlagabrot, einu sinni fyrir áfengislaga-
brot og þrívægis fyrir brot á lögum um reglugerð um ávana- og fíkniefni.

Refsing ákærða Unnars Sigurðar verður ákveðin með hliðsjón af 72. gr. og 255. gr. almennra hegningarlaga, en ákærði er vanaafbrotamaður. Þá ber við ákvörðun refsingar hans að fella inn í refsinguna 298 daga eftirstöðvar fangelsisrefsingar samkvæmt tveimur síðustu dómum hans, en hann fékk reynslulaun á þessari refsingu í tvö ár 7. desember sl. og hefur með háttsemi þeirri, sem hann nú er sakfelldur fyrir, rofið skilyrði hennar. Með hlið-
sjón af þessu þykir refsing ákærða Unnars Sigurðar hæfilega ákveðin fang-
elsi í 18 nánuði.

Ákærðu X og Y hafa samþykkt bótakröfu Vátryggingafélags Íslands hf., að fjárhæð 85.572 krónur, en félagið hefur greitt bætur fyrir skemmdir, sem ákærðu unnu á húsnæði, innréttingum, skrifborðum og peningaskáp í húsnæði Ístex hf. Þar sem krafan telst réttmæt, ákærðu eru allir sakfelldir fyrir innbrotið og ákærðu X og Y hafa samþykkt hana, verða ákærðu allir dæmdir til þess að greiða hana óskipt.

Loks ber að dæma ákærðu til þess að greiða allan sakarkostnað. Skulu ákærðu X og Y greiða óskipt skipuðum verjanda sínum, Erni Clausen hæstaréttarlögmanni, 35.000 krónur í málsvarnarlaun og ákærði Unnar Sigurður skipuðum verjanda sínum, Hilmarí Ingimundarsyni hæstaréttarlögmanni, 35.000 krónur í málsvarnarlaun. Annan sakarkostnað greiði ákærðu allir óskipt, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur.

Guðjón Ólafur Jónsson, fulltrúi ríkissaksóknara, flutti málið af hálfu ákærvaldsins.

D ó m s o r ð:

Ákærðu X og Y sæti hvor um sig fangelsi í 2 mánuði, en fresta skal fullnustu refsinganna, og niður skulu þær falla að 3 árum liðnum frá uppkvaðningu dómsins að telja, haldi ákærðu hvor um sig skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði Unnar Sigurður Hansen sæti fangelsi í 18 mánuði.

Ákærðu greiði óskipt í bætur Vátryggingafélagi Íslands hf. 85.572 krónur.

Ákærðu X og Y greiði óskipt skipuðum verjanda sínum, Erni Clausen hæstaréttarlögmanni, 35.000 krónur í málsvarnarlaun, og ákærði Unnar Sigurður greiði skipuðum verjanda sínum, Hilmari Ingi-mundarsyni hæstaréttarlögmanni, 35.000 krónur í málsvarnarlaun. Annan sakarkostnað greiði ákærðu óskipt, þar með talin saksóknar-laun í ríkissjóð, 25.000 krónur.
